

Siglingastofnun Íslands  
Sigurður Sigurðarson  
Vesturvör 2  
200 Kópavogur

2003030061  
2503; 9310

Reykjavík, 3. febrúar 2005  
/--

**Efni: Sjóvarnir við Flankastaði og Þóroddsstaði, Sandgerðisbæ. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 18. mars 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð sjóvarna við Flankastaði og Þóroddsstaði í Sandgerðisbæ samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sandgerðisbæjar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Sandgerðisbæ með bréfi dags. 9. apríl 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 7. apríl 2003 og tölvupósti dags. 19. janúar 2005 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 10. apríl 2003 og 25. janúar 2005.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá Siglingastofnun með tölvupósti dags. 11. apríl 2003 og bréfi dags. 12. janúar 2005.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Flankastaði sé malarkambur sem sé nokkru lægri en núverandi sjóvörn sem náir norður að Flankastaðatjörn. Fyrirhugað sé að lengja núverandi sjóvörn um 250 m til norðurs. Áætlað efnismagn til framkvæmdanna sé um 2000 m<sup>3</sup>. Fram kemur að á Þóroddsstöðum hafi verið sett grjót fyrir framan íbúðarhús en fyrirhuguð sé gerð um 160 m langrar sjóvarnar og verði efnismagn um 1300 m<sup>3</sup>. Efni til framkvæmdanna verði tekið úr opinni námu í Helguvík.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Sandgerðisbæjar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fornleifavernd ríkisins telur ekki að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum en bendir á að við Flankastaði séu minjar sem taka þurfi tillit til vegna framkvæmdanna og telji stofnunin nauðsynlegt að framkvæmdaraðili hafi samráð við Fornleifavernd ríkisins áður en framkvæmdir hefjist þar. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að strönd og tjarnir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði séu á náttúruminjaskrá og nauðsynlegt sé að raski verði haldið í lágmarki við tækja- og efnisflutninga. Æskilegt sé að við Flankastaðatjörn verði fyrirhuguð sjóvörn ekki nær tjörninni en núverandi malarkambur og að varúðar verði gætt þar sem nánasta umhverfi tjarnarinnar sé viðkvæmt fyrir öllu raski. Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við Flankastaðatjörn ráðist af því hvernig staðið verði að verki og telji stofnunin að upplýsingar um verklag verði að liggja fyrir til að hægt sé að meta hvort að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Í svörum Siglingastofnunar kemur fram að haft verði samráð við Fornleifavernd ríkisins áður en framkvæmdir hefjist. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að tæki og efni verði flutt eftir vegslóða með núverandi sjóvörn neðan við Efri-Flankastaði. Siglingastofnun geri ráð fyrir að sjóvörnin verði unnin þannig að núverandi sjávarkambur verði grjótvarinn að utanverðu og hækkaður lítið eitt með um 8 til 10 m<sup>3</sup> af grjóti og kjarna á lengdarmetra. Með þessu verklagi verði legu sjávarkambins ekki breytt og því ekki farið nær tjörninni en við núverandi aðstæður.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að miðað við það verklag sem lýst er í svörum Siglingastofnunar sé ekki líklegt að fyrirhuguð sjóvörn við Flankastaði muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð 250 m langrar sjóvarnar við Flankastaði og um 160 m sjóvarnar við Þóroddsstaði í Sandgerðisbæ. Framkvæmdirnar eru tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á svæði sem er á náttúruminjaskrá vegna lífauðugra sjávartjarna og mikils fuglalífs en taka til afmarkaðs svæðis. Í ljósi þess verklags við gerð sjóvarnar við Flankastaði, sem kynnt er í framlögðum gögnum Siglingastofnunar, telur Skipulagsstofnun að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á náttúrufarsþætti verði ekki veruleg. Framkvæmdirnar rmunu einungis hafa áhrif á efsta hluta fjörunnar en áhrifa mun ekki gæta við Flankastaðatjörn. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að Siglingastofnun hafi samráð við Fornleifavernd ríkisins vegna minja við Flankastaði.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir

og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð sjóvarna við Flankastaði og Þóroddsstaði í Sandgerðisbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við gildandi Aðalskipulag Sandgerðis 1997-2017. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Sandgerðisbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 4. mars 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Sandgerðisbær, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun.